

Nd.

239. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Frumvarp þetta snertir sérstaklega 6. gr. laga um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, er ræðir um, hvernig undanþágur verði veittar frá því að senda börn í skólahéraði í hinn fasta skóla héraðsins.

Aðalbreytingin, sem í frumvarpinu felst, er þessi, að stjórnarráðinu er veitt heimild sú, er löggin veita skólanefndinni.

Nefndin, sem hefir haft frumvarp þetta til athugunar, fær eigi betur séð en að það sé óhætt að samþykkja þessa breytingu á fræðslulögnum og að það sé jafnvel heppilegra, að stjórnarráðið hafi heimild þá, sem hér er um að ræða, en að hún sé hjá skólanefndinni, sem kynni að þykja full mikið við málið riðin.

Fyrir því leyfir nefndin sér að ráða háttvirtri þingdeild til að samþykkja frumvarp þetta með lítils háttar breytingum, þeim er hér fara á eftir:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »sérstökum fræðslureglum« í niðurlagi greinarinnar komi: »sérstakri reglugjörð, samþyktri af yfirstjórn fræðslumála og staðfestri af stjórnarráðinu«.
2. Við 2. gr. Miðkafla greinarinnar: »Þó skulu skóla- og fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuhætti« orðist svo: »og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum«.

Alþingi, 16. marz 1909.

Björn Jónsson,	Jón Magnússon.	Hálf dán Guðjónsson,	Bjarni Jónsson
formaður.		skrifari og framsögum.	frá Vogu.
Eggert Pálsson.	Stefán Stefánsson Eyf.	Jón Jónsson N.-M.	